


Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir

Sýnir Esekíels



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Lazarus; Alastair Paterson
Aðlagað af: Ruth Klassen
Þýðandi: Þráinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada


©2021 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Fyrir langa löngu síðan réðust öflugir herir á Júda.
Fjöldi af fólki Guðs var tekið til fanga, og flutt til
Babýlon. Langt í burtu frá föðurlandinu,
gyðingar þessir, og þeirra á meðal
spámaðurinn Esekíel,
bjuggu við Kebarfljót.



Dag nokkurn, byrtust Esekíel
guðdómlegar sýnir af skærum ljósum
er líktust fjórum leiftrandi verum. Hver
þeirra hafði fjögur andlit og fjóra vængi.
Fyrir ofan byrtist stórfenglegt
saffírhásæti, upplýst af skærum bjarma
er líktist regnboga í ljósum logum. Þegar
Esekíel sá dýrðina,
féll hann fram á
ásjónu
sína.



Orð Guðs kom til Esekíel. " Far þú nú til Ísraelsmanna, sem er uppreysnarsamt fólk er komið hefur upp á móti mér, og fær þeim orð mín." Þá birtist hönd er hélt á handriti. " Ét handrit þetta," sagði Guð, "og far síðan til Ísraelsmanna og ber þeim orð mín."





Esekíel

hlýddi, borðaði handritið og fór.



Þá lifti andi Guðs Esekíel
upp og bar hann
til útlaganna er
bjuggu fjarri,
annars staðar við
Kebarfljótið. Þar
sat hann meðal
fólksins í sjö daga,
furðu lostinn yfir því
sem hann sá. Þá setti
Guð Esekíel sem vörð
yfir Ísrael, til
að vara óguðlegt
fólk við að
óhlýðnast Guði.





Esekíel, af hlýðni við Guð, gerði margt furðulegt til að koma skilaboðum Guðs skýrt og greinilega til fólksins. Meðal annars krotaði hann mynd af Jerúsalem á leirplötu, af öflugum her allt í kringum borgina, til að sýna fólkinu að hin heilaga borg Guðs yrði lögð í rúst fyrr en síðar.





Ísrael hafði óhlýðnast Guði í 390 ár, og Júda í 40 ár. Þess vegna hafði Ísrael fallið í rúst, og Júda mundi falla bráðlega. Guð sagði Esekíel að liggja á vinstri hliðinni í 390 daga, og síðan á hægri hliðinni í 40 daga, til að minna fólkið á syndsemi þess.






Líklegt er að fólk þá héldi að Esekíel væri eitthvað undarlegur. En hann hlýðnaðist Guði fullkomlega. Dag einn rakaði hann af sér hárið og brenndi þriðjung þess. Tilgangurinn var að sýna fólkinu að þriðjungur Jerúsalem búa mundi deyja af sjúkdómum og hungursneyð eftir árás Babýloníuhers á borgina.




Svo tók Esekíel annan þriðjung hárs síns og saxaði með sverði, sem átti að tákna að þriðjungur fólksins mundi falla fyrir sverðum óvinanna. Eftir að sauma fáein hár inní fald flíkar sinnar, sem merki þess að Guð mundi bjarga sumu fólki sínu og skila því til fyrirheitna landsins, fleygði hann síðasta






þriðjungnum
uppí vindinn.




Spámaðurinn hugrakki sagði hinum
hernumdu gyðingum, að ástand þeirra
mundi versna. Fólkið reyddist
Esekíel, en hann hélt áfram að
flytja þeim Guðs orð. Dag
einn, er Esekíel sat með
öldungum Ísrael, birtist
honum sýn frá Guði þar
sem Guð lifti honum
upp á hárinu, og bar
hann til musterisins
í Jerúsalem.




Í musterinu, sýndi Guð Esekíel allskonar myndir af skepnum, skriðkvikindum og skurðgoðum sem áttu ekkert erindi í musteri Guðs, er sýndu syndsemi fólksins og vanviðingu þess fyrir Guði.



Þetta tilbáðu öldungarnir, í stað Guðs. Þá sagði Guð Esekíel, að nú mundi dýrð Drottins yfirgefa musterið, og að það mundi falla í rúst. Er sýninni lauk, sagði Esekíel gyðingunum frá.







Allt kom fram sem Guð sagði. Jerúsalem féll í rúst. Fjöldi fólks missti lífið. Þegar hernumdu gyðingarnir í Babýlon heyrðu þetta, veltu þeir fyrir sér hvort Guð mundi nú gefast upp á fólkinu sínu fyrir fullt og allt.




Þá barst nýtt orð til spámansins
frá Drottni, er leiddi hann inní
dal nokkurn sem var þakinn beinum
- manna beinum.




"Mannssonur, geta þessi bein lifnað við?" spurði Guð Esekíel. "Drottinn Guð, þú einn veist það," svaraði Esekíel. Þá sagði Drottinn, "Spáðu fyrir þessum beinum og segðu við þau: "Þið skinin bein, heyrið orð Drottins! Þið munuð lifna við." Esekíel hlýddi. Þá heyrðist skrölt, og beinin fóru að lifna við.




Á meðan spámaðurinn horfði á, furðu lostinn,
færðust beinin saman, hvert beinið á eftir öðru.



Svo urðu beinin hulin holdi.



Svo kom hörundið á eftir, en ekki bar á lífsanda.




Þá sagði Drottinn, " Mannssonur, spáðu, og segðu, 'Lífsandi, kom þú úr áttunum fjórum og blás á hina látnu svo þeir lifni við.' " Esekíel hlýddi Drottni, og lifnuðu þeir við. Þarna reis upp fjölmennur her.



Guð vissi að gyðingarnir í Babýlon höfðu misst vonina er Jerúsalem féll. Hann sendi þeim orð í gegnum Esekíel, "Þessi bein tákna alla ísraelsku þjóðina, og ég mun setja í ykkur anda minn og færa ykkur inní ykkar eigið land."



Þvílíkur vonarboðskapur frá Guði! Loforðin sem Guð gaf í gegnum Esekíel komu öll fram þegar gyðingarnir snéru aftur heim á leið. Þeir vissu að það var Drottni þeirra að þakka, að þeir komust aftur heim.



Þú getur alltaf reitt þig á orð Guðs.



Sýnir Esekíels

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Esekíel 1-37


"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."

Sálmarnir 119:130





29



60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

